

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 348. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, þriðjudaginn 5. október 2021 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.**

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Fundargerð 326. fundar bæjarráðs, dags. 23. september 2021.
- 2) Fundargerð 152. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar Snæfellsbæjar, dags. 30. september 2021.
- 3) Fundargerð 901. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 24. september 2021.
- 4) Fundargerð 437. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 16. september 2021.
- 5) Bréf frá Grundarfjarðarbæ, dags. 24. september 2021, varðandi sameiningarmál sveitarfélaga.
- 6) Bréf frá forstöðumanni tæknideildar Snæfellsbæjar, dags. 30. september 2021, varðandi ósk um aukafjárveitingu til kaupa á Trimble mælitæki.
- 7) Bréf frá Karenu Olsen, ódags., varðandi samgöngur fyrir almenning í Snæfellsbæ.
- 8) Bréf frá Orkusölunni, ódags., varðandi hleðslustöðvar.
- 9) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 28. september 2021, varðandi stöðu jafnlaunavottunar hjá sveitarfélögum.
- 10) Bréf frá Samstarfshópi minni sveitarfélaga, dags., 29. september 2021, varðandi fund um framtíð minni sveitarfélaga á Íslandi þann 6. október n.k.
- 11) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 30. september 2021, varðandi húsnæðissjálfsseignarstofnun á landsbyggðinni.
- 12) Bréf frá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, dags. 1. október 2021, varðandi Menningarstefnu Vesturlands 2021-2024
- 13) Lánsúmsókn hjá Lánasjóði sveitarfélaga.
- 14) Minnispointar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 1. október 2021
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

326. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 23. september 2021 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 11:00.

Mættir:


Júníana Björg Óttarsdóttir
 Auður Kjartansdóttir
 Fríða Sveinsdóttir
 Kristinn Jónasson, bærarstjóri
 Lilja Ólafardóttir, bæraritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var að því búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.


Dagskrá:


- 1) **Málefni leikskólans.**
 Hermína K Lárusdóttir, leikskólastjóri, mætti á fundinn og var hún boðin velkomin.
 Voru rædd málefni leikskólans.
 Var Hermínu þökkúð koman og vék hún nú af fundi.
- 2) **Fundargerð 121. fundar stjórnar FSS, dags. 3. september 2021.**
 Lagt fram til kynningar.
- 3) **Bréf frá Rúnari Dýrmundi Bjarnasyni, dags. 17. september 2021, varðandi umhverfismat tillögu að nýrri svæðisáætlun 2021-2032 fyrir suðvesturhornið.**
 Bæjarráð gerir ekki athugasemdir og samþykkti framlagða svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021-2032.
- 4) **Bréf frá Guðmundi Steinþórssyni, dags. 20. september 2021, varðandi Dalbraut 12.**
 Bæjarráð samþykkti samhljóða að fela bærarstjóra að ganga til samninga um sölu á Dalbraut 12, og jafnframt að gera nýtt lóðabréf fyrir fasteignina.
- 5) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 14. september 2021, varðandi ósk um umsögn bæjarráðs um umsókn Celiu Myriam Lachkar um leyfi til að reka gististað í flokki II, frístundahús, að Marbakka í Staðarsveit, Snæfellsbæ.**
 Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Celiu Myriam Lachkar um leyfi til að reka gististað í flokki II, frístundahús, að Marbakka í Staðarsveit, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
- 6) **Bréf frá Írisi Ósk Jóhannsdóttir, ódags., varðandi ósk um niðurgreiðslu á tónlistarskólagjöldum fyrir Kristján Stein Matthíasson, skólaárið 2021-2022.**
 Bæjarráð samþykkti samhljóða að greiða niður tónlistarnámið skólaárið 2021-2022 í samræmi við reglur Snæfellsbæjar um niðurgreiðslur vegna tónlistarnáms utan lögheimilissveitarfélags.
- 7) **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 17. september 2021, varðandi stuðningsverkefni vegna innleiðingar heimsmarkmiðanna í sveitarfélögum.**
 Lagt fram til kynningar.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:16


 Júníana Björg Óttarsdóttir




Auður Kjartansdóttir


Kristinn Jónasson, bærarstjóri


Friða Sveinsdóttir


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 152152. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 30. september 2021
og hófst hann kl. 09:30.

Fundinn sátu:

Drífa Skúladóttir, Brynja Mjöll Ólafsdóttir, Ragnar Már Ragnarsson, Helga Jóhannsdóttir, Kristjana Hermannsdóttir, Guðmundur Ólafsson, Valgerður Hlín Krstmannsdóttir og Svanur Tómasson.

Fundargerð ritaði: Valgerður Hlín Krstmannsdóttir, Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa.

Dagskrá:

1. Nýtt deiliskipulag - Gamli Kaupstaður - 1905013

Óskað er eftir heimild til að auglýsa meðfylgjandi uppdrátt dagsettann 15.07.2021.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir að senda skipulagið til augýsingar og kynningar til umsagnaraðila.

Samþykkt

2. Breyting aðalskipulags Snæfellsbæjar, Hellnum - Gíslabær og Melabúð - 2006008

Tillaga lögð fram til kynningar. Gert er ráð fyrir að auglýsa breytingu aðalskipulags og deiliskipulags samhliða eftir kynningu deiliskipulagsins.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir vegna athugasemda slökkviliðsstjóra að texta verði breytt þannig að annaðhvort verði grafinn niður safntankur sem annar starfi slökkviliðs eða brunahani settur upp sem tengdur yrði við vatnsveitu.

Í vinnslu

3. Deiliskipulagstillaga - Gíslabær, Hellnum - 2104001

Óskað er heimildar til að kynna deiliskipulagstillöguna í samræmi við 4. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir að forkynna tillöguna fyrir íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.

Samþykkt

4. Deiliskipulagstillaga - Iðnaðarsvæði á Rífi - 2108001

Lögð fram tillaga að deiliskipulags iðnaðarsvæðis á Rífi. Óskað er eftir að tillagan verði samþykkt og heimild veitt til að auglýsa hana skv. 41. gr skipulagslaga nr. 123/2010.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir að bæta inn texta um brunahana vegna athugasemda slökkviliðsstjóra. Leiðrétt gögn verði send tæknideild til auglýsingar.

Handwritten signatures and initials:
A. Ó.
B. M.
H. S.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Samþykkt

5. Laufás 4_Klæðning, gluggaskipti og gluggafækkun. - 2105022

Á fundi umhverfis- og skipulagsnefnd þann 1. júní 2021 var umsókn um leyfi fyrir breytingum utanhúss að Laufási 4 tekin fyrir. Nefndin tók jákvætt í erindið en óskaði eftir fullnægjandi gögnum.

Jolanta Wolynska sendir hér inn gögn að beiðni nefndarinnar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir innsend gögn.

Samþykkt

6. Grundarslóð 14 - Umsókn um byggingarleyfi - 2106003

Ottó Hörður Guðmundsson og Einar Magnússon sækja um byggingarleyfi fyrir 84 fm parhúsi að Grundarslóð 14 skv. meðfylgjandi teikningum. Fyrirhugað er að útveggir verði klæddir dökkmálaðri timburklæðningu og gluggar og útihurðir verði svartar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

7. Hábrekka15 - Umsókn um leyfi fyrir steiptum vegg og hæðarbreytingum á lóðarmörkum við götu - 2109001

Einar Hjörleifsson sækir um leyfi fyrir steiptum vegg á lóðarmörkum við götu að Hábrekku 15. Veggur nær ca. 20 cm upp fyrir götu. Áætlað er að grindverk ofan á vegg verði um 100 cm á hæð.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

8. Hjarðartún 1 - Umsókn um leyfi fyrir breytingum á bílskúr - 2109002

Jóhann Már Þórisson sækir fyrir hönd eiganda um byggingarleyfi fyrir breytingum á bílskúr að Hjarðartúni 1. Fyrirhugað er að loka gluggum á norður- og suðurhlíð, skipta um glugga á austurhlíð, setja gönguhurð á vesturhlíð og klæða allan skúrinn að utan með sambærilegri álklæðningu og er á íbúðarhúsinu að Hjarðartúni 1.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

9. Grundarbraut 8 - Umsókn um leyfi fyrir breytingum á tröppum við aðalinngang og stækkun á anddyri - 2109003

Pétur Kristinn Kristjánsson sækir um leyfi til að endurgera útitröppur að Grundarbraut 8 en tröppur eru ónýtar. Einnig hyggst hann gera um 3 fm lokað skýli fyrir framan anddyri þannig að aðalinngangur færist fram á núverandi stigapall, sjá meðfylgjandi teikningar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið en felur byggingarfulltrúa að vinna málið áfram með eiganda er varðar útfærslu á tröppum þannig að þær uppfylli byggingarreglugerð.

Jákvætt

[Handwritten signatures and initials]

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

10. Plássið Laugarbrekku - Breytingar innandyra - 2109004

Torfi G Yngvason sækir fyrir hönd Múkka ehf. um byggingarleyfi fyrir breytingum innanhúss á Plássinu, Laugarbrekku. Fyrirhugað er að innrétta þar í heildina 10 íbúðir á næstu tveimur árum en þær eru hugsaðar til útleigu til ferðamanna. Sjá meðfylgjandi teikningar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í fyrirhugaðar framkvæmdir en bendir á að ekki verði gefið út byggingarleyfi fyrr en slökkvivatn á Hellnum verði tryggt.

Frestað

11. Plássið, Hellnar - Umsón um stöðuleyfi fyrir þremur smáhýsum - 2109005

Torfi G Yngvason um stöðuleyfi fyrir þremur 6 fm smáhýsum sem fyrirhugað er að staðsetja á byggingarreit fyrir ofan Plássi en hann er ætlaður fyrir hótélbyggingu. Sjá meðfylgjandi ljósmynd og teikningar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd hafnar erindinu og fer fram á smáhýsin verði fjarlægð fyrir 1. nóvember 2021.

Hafnað


12. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2021 - 2101004

- Zydrunas Dulinskas að Háarífi 87a óskar eftir því að fá að staðsetja tvo báta á landi Snæfellsbæjar á vestanverður Rífi á meðan hann gerir þá upp.

Umhverfis- og skipulagsnefnd felur byggingarfulltrúa að ræða við Zydrunas um heppilegri staðsetningu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:00.

Kristján Þorrunnsson
Guðmundur Ólafsson

Bruna Elva Ólafsdóttir


Helga Johannsdóttir

Fundargerð 901. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2021, föstudaginn 24. september kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir og Hildur Björnsdóttir. Í fjarfundarsambandi voru Haraldur Sverrisson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Rakel Óskarsdóttir, Kristján Þór Magnússon, Guðmundur Baldvin Guðmundsson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Jón Björn Hákonarson boðaði forföll og sat varamaður hans Guðmundur Baldvin Guðmundsson fundinn í hans fjarveru. Eypór Laxdal Arnalds boðaði forföll og sat varamaður hans Hildur Björnsdóttir fundinn í hans fjarveru. Gunnar Einarsson boðaði forföll og sat varamaður hans Haraldur Sverrisson fundinn í hans fjarveru. Bjarni Jónsson boðaði forföll en varamaður hans hafði ekki tök á að sitja fundinn í hans fjarveru.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 900. fundar - 2101077SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 900. fundar stjórnar sambandsins frá 26. ágúst 2021.

Fundargerðin staðfest og undirrituð.

2. Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2009664SA

Lagðar fram fundargerðir 7. og 8. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga sambandsins frá 23. júní og 1. september 2021.

3. Fræðslumálanefnd sambandsins - 2009079SA

Lögð fram fundargerð 135. fundar fræðslumálanefndar sambandsins frá 8. september 2021.

4. Félagspjónustunefnd sambandsins - 2009307SA

Lögð fram fundargerð 56. fundar félagspjónustunefndar sambandsins frá 8. september 2021.

Eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða í tengslum við 2. lið fundargerðar félagspjónustunefndar um þjónustu Landspítala við langveik börn:

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga telur mikilvægt að kallað verið eftir frekari skýringum af hálfu Landspítalans. Stjórnin leggur áherslu á að sambandið og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafi samráð um hvernig brugðist verði við erindinu.

5. Skipulagsmálanefnd sambandsins - 2009346SA

Lögð fram fundargerð 43. fundar skipulagsmálanefndar sambandsins frá 15. september 2021, ásamt yfirliti yfir stöðu helstu verkefna vegna 3. liðar fundargerðarinnar.

6. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2009015SA

Lögð fram fundargerð 67. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 20. september 2021.

Stjórn samþykkir að fá Jón Viggó Gunnarsson formann verkefnisstjórar og Eygerði Margrétardóttur verkefnisstjóra hjá sambandinu inn á næsta stjórnarfund til að fara yfir verkefnin sem eru framundan við innleiðingu hringrásarhagkerfis.

7. Dagatal stjórnar - 2101077SA

Lögð fram drög að dagatali stjórnar sambandsins 2021 með áætlun um dagsetningar stjórnarfunda.

Fundaáætlun stjórnar út árið 2022 var samþykkt, ásamt tímasetningu landsþings og fjármálaráðstefnu sambandsins á næsta ári.

Minnt var á að ný lög um kosningar taka gildi um næstu áramót. Á grundvelli þeirra laga munu sveitarstjórnarkosningar framvegis verða annan laugardag í maí, þannig að sveitarstjórnarkosningar verða haldnar 14. maí 2022.

8. Kjaramálanefnd sambandsins - 2009595SA

Lagt fram sem trúnaðarskjal fundargerð 26. fundar kjaramálanefndar sambandsins frá 2. september 2021.

Guðmundur Ari Sigurjónsson kom inn á fundinn kl. 13:20. Haraldur Sverrisson vék af fundi kl. 13:25.

9. Staða kjaramála - 2109025SA

Lagt fram sem trúnaðarskjal samningastefna Sambands íslenskra sveitarfélaga, um kjaraviðræður 2021. Einnig verða kynntar hugmyndir um kjarasamningsmarkmið.

Stjórn lýsir yfir stuðningi við framkomnar hugmyndir að kjarasamningsmarkmiðum.

10. Staða jafnlaunavottunar hjá sveitarfélögum - 2009362SA

Lagt fram bréf Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur, skrifstofustjóra skrifstofu jafnréttismála í forsætisráðuneytinu, og Katrínar Bjargar Ríkarðsdóttur, framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu, dags. 13. september 2021, um stöðu jafnlaunavottunar hjá sveitarfélögum.

Stjórn sambandsins skorar á öll sveitarfélög sem hafa skyldu til að afla sér jafnlaunavottunar og ekki hafa lokið verkefninu að ljúka því sem fyrst.

11. Tillaga að stofnun starfseiningar um jafnlaunamál, Jafnlaunastofu - 2101018SA

Lögð fram tillaga að fyrirkomulagi jafnlaunamála til framtíðar, ásamt minnisblaði sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins og sviðsstjóra mannauðs- og starfsumhverfissviðs Reykjavíkurborgar, dags. 20. september 2021, um tillögu að stofnun starfseiningar um jafnlaunamál, Jafnlaunastofu á vegum sambandsins og Reykjavíkurborgar. Einnig lögð fram viljayfirlýsing Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga um samstarf um rekstur Jafnlaunastofu, dags. 24. september 2021.

Stjórnin fagnar framkominni tillögu og samþykkir þátttöku sambandsins í Jafnlaunastofu og viljayfirlýsingu um samstarfs sambandsins og Reykjavíkurborgar um rekstur hennar.

12. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2021 - 2009144SA

Sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs kynnti dagskrá fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2021.

13. Skýrsla um styrkingu leikskólastigsins - 2009059SA

Lögð fram skýrsla starfshóps um styrkingu leikskólastigsins, dags. í maí 2021, ásamt kostnaðarmati. Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs gerði grein fyrir helstu tillögum starfshópsins og væntum kostnaðaráhrifum þeirra fyrir ríki og sveitarfélög

Stjórnin felur fræðslumálanefnd og sérfræðingum sambandsins í skólamálaum að eiga frekari samtöl við ráðuneytið um hvernig staðið verði að forgangsroðun og fjármögnun tillagna. Forgangsmál ætti að vera að vinna að framgangi tillagna sem stuðla að því að hækka menntunarstig starfsfólks á leikskólum. Einnig tekur stjórnin fram að í ljósi mikillar kostnaðaraukningar við rekstur leikskóla í kjölfar síðustu kjarasamninga er ekki tímabært eða svigrúm til að auka til muna við kostnaðinn með því að draga enn frekar úr fjölda barna á hvern starfsmann og fækka börnum á fermetra eins og lagt er til í skýrslunni. Slík breyting gæti víða kallað á stækkun húsnæðis leikskóla og aukinn mannafla.

14. Drög að reglugerð um fráveitur og skólþ - 2009696SA

Lagt fram bréf sambandsins til Guðmundar Inga Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, dags. 9. september 2021, um frestun fyrirhugaðrar reglugerðar um fráveitur og skólþ. Einnig lagt fram minnisblað sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 15. september 2021, um gátlista við umfjöllun um kostnaðarmat reglugerðar um fráveitur og skólþhrensun. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs greindu frá fundum og öðrum samskiptum um málið undanfarnar vikur, þar sem áhersla hefur verið lögð á að greina möguleg kostnaðaráhrif fyrirhugaðrar reglugerðar og hvaða svigrúm sé til breytinga á ákvæðum hennar. Þau samskipti hafa verið afar málefnaleg og liggur nú fyrir niðurstaða um að reglugerð verði ekki sett án frekara samráðs við sambandið.

Stjórnin þakkar starfsmönnum sambandsins fyrir góða vinnu í þessu mikilvæga máli. Stjórnin vísar til fyrirbyggjandi gagna um áætluð kostnaðaráhrif reglugerðardraganna, sem leiða í ljós að þær auknu kröfur sem reglugerðin leggur á sveitarfélög geti orðið á bilinu 20 til 25 milljarðar króna. Umhverfislegur ávinningur af kröfu um aukna hreinsun frárennslis er hins vegar óljós. Umfang málsins er slíkt að augljós þörf er á að málið fái vandaða umfjöllun. Stjórnin leggur ríka áherslu á

nauðsyn þess að horft verði til fjármálareglna laga um opinber fjármál og sveitarstjórnarlaga við undirbúning löggjafar sem felur í sér íþyngjandi skyldur fyrir sveitarfélögin. Jafnframt er mikilvægt að horfa til neikvæðra áhrifa Covid-19 heimsfaraldursins á fjárhag sveitarfélaga og heimila á Íslandi, sem á endanum munu bera kostnað af fráveituframkvæmdum sveitarfélaga.

Að teknu tilliti til framangreindra sjónarmiða lýsir stjórnin yfir fullum vilja til að vinna áfram með ráðuneytinu að málinu. Leggur stjórnin til að stofnaður verði samráðshópur með þátttöku umhverfis- og auðlindaráðuneytis, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, Umhverfisstofnunar, Samorku og sambandsins sem verði falið að móta raunhæfar tillögur um hvernig hraða megi uppbyggingu fráveitna.

15. Samstarf um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni - 2109031SA

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 22. september 2021, um samstarf um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni, ásamt fylgiskjölum

Stjórnin felur framkvæmdastjóra að senda minnisblað HMS, ásamt skýrslu HMS og viljayfirlýsingu, dags. 21. janúar 2020, til sveitarfélaga sem málið varðar. Óskað verði eftir því að sveitarstjórnir á landsbyggðinni taki fyrir lok október afstöðu til hugmyndar um að setja á fót húsnæðissjálfsseignarstofnun á þeim grundvelli sem lýst er í minnisblaðinu. Jafnframt felur stjórnin framkvæmdastjóra að vinna fyrir hönd sveitarfélaga að því að stofna slíka húsnæðissjálfsseignarstofnun formlega, í góðu samstarfi við viðkomandi sveitarfélög og HMS, enda reynist víðtækur vilji til staðar meðal sveitarfélaga til að taka þátt í verkefninu.

16. Tilnefning í stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða - 2109012SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 10. september 2021, þar sem Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, borgarfulltrúi og formaður borgarráðs, er tilnefnd í stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

17. Tilnefning í starfshóp sem vinnur tillögur að fyrirkomulagi almenningssamgangna á Íslandi - 2109021SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 15. september 2021, þar sem Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, og Berglind Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, eru tilnefnd í starfshóp sem vinnur tillögur að fyrirkomulagi almenningssamgangna á Íslandi.

Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

18. Tilnefning í aðgerðarhóp um launajafnrétti og jafnrétti á vinnumarkaði - 2109024SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 21. september 2021, þar sem Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins, er tilnefnd í aðgerðarhóp um launajafnrétti og jafnrétti á vinnumarkaði.

19. Umsögn um drög að stefnu um heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða - 2108014SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 31. ágúst 2021, um drög að stefnu um heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða, mál nr. S-141/2021.

20. Umsögn um drög að reglugerð um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana - 2108009SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 31. ágúst 2021, um drög að reglugerð um umhverfismat framkvæmda og áætlana, mál nr. S-154/2021.

21. Umsögn um drög að stefnu um notkun skýjalausna - 2109016SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 9. ágúst 2021, um drög að stefnu um notkun skýjalausna, mál nr. S-156/2021.

22. Umsögn um breytingar á reglugerð vegna flokkunar mannvirkja - 2108031SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 10. september 2021, um drög að reglugerð um (11.) breytingu á byggingarreglugerð nr. 112/2012, mál nr. S-163/2021.

23. Umsögn um breytingar á leiðbeiningum um ritun fundargerða og notkun fjarfundarbúnaðar - 2109018SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 10. september, um breytingar á leiðbeiningum um ritun fundargerða nr. 22/2013 og notkun fjarfundarbúnaðar nr. 1140/2013, mál nr. S-169/2021.

24. Umsögn um drög að reglugerð um framkvæmd ársreikningaskrár við gerð kröfu um slit félaga - 2109030SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 20. september 2021, um drög að reglugerð um framkvæmd ársreikningaskrár við gerð kröfu um slit félaga, mál nr. S-172/2021.

25. Skýrsla um brothættar byggðir - ársskýrsla fyrir árið 2020 - 2105040SA

Lögð fram til kynningar skýrslan Brothættar byggðir - ársskýrsla fyrir árið 2020.

26. Sóknaráætlanir landshluta - 2009344SA

Lögð fram til kynningar greinargerð um Sóknaráætlanir landshluta um framvindu samninga og ráðstöfun fjármuna 2020, dags. 1. september 2021.

Fundi var slitið kl. 14:57

Aldís Hafsteinsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir

Hildur Björnsdóttir

Haraldur Sverrisson

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Rakel Óskarsdóttir

Kristján Þór Magnússon

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

framkvæmdastjóri

ritari

Fundargerð 437. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2021, fimmtudaginn 16. september kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fer hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Magnús Þór Ásmundsson, Pétur Ólafsson, Rebekka Hilmarsdóttir, Alexandra Jóhannesdóttir, Björn Arnaldsson og Ólafur Þór Snorrason.

Að auki sat fundinn: Bryndís Gunnlaugsdóttir, lögfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2021 - 2102001HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 435. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 20. ágúst 2021.

Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Siglingaráð 2017-2025 - 2009019HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 29. fundar Siglingaráðs frá 3. júní 2021.

3. Tillaga að ESB reglugerð um eldsneyti skipa - óskað umsagnar - 2108002HA

Bryndísi Gunnlaugsdóttur falið að útbúa umsögn um málið m.v. umræður á fundinum.

4. Hafnafundur 2021 - 2101001HA

Rætt um hvernig til tókst á hafnafundinum.

Fundi var slitið kl. 11:40

Lúðvík Geirsson

Eydís Ásbjörnsdóttir

Guðmundur M Kristjánsson

Hanna Björg Konráðsdóttir

Magnús Þór Ásmundsson

Pétur Ólafsson

Rebekka Hilmarsdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir

Björn Arnaldsson

Ólafur Þór Snorrason

Valur Rafn Halldórsson



Eyja- og Miklaholtshreppur, Eggert Kjartansson, oddviti
Helgafellssveit, Guðrún K. Reynisdóttir, oddviti
Snæfellsbær, Björn H. Hilmarsson, forseti bæjarstjórnar og Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Stykkishólmsbær, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, forseti bæjarstjórnar og Jakob Björgvin
Jakobsson, bæjarstjóri

Grundarfirði, 24. september 2021

Komiði sæl öll

Á fundi 251. fundi bæjarstjórnar þann 22. september 2021 var rætt um sameiningarmál sveitarfélaga og eftirfarandi bókað:

Umræða um sameiningarmál:

Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum hefur hreppsnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps samþykkt boð Snæfellsbæjar um viðræður um sameiningu sveitarfélaganna. Íbúafjöldi sveitarfélaganna tveggja er um 1.800 manns. Þá hefur Dalabyggð m.a. boðið Stykkishólmsbæ og Helgafellssveit til viðræðna um sameiningarmöguleika, eftir valkostagreiningu um sameiningarkosti sem fram fór sl. vetur. Íbúafjöldi sveitarfélaganna þriggja er um 1.900 manns.

Á Snæfellsnesi eru fimm sveitarfélög með rétt um 4.000 íbúa. Svæðið er afmarkað, atvinnulíf og samfélög eiga margt sameiginlegt. Sveitarfélögin hafa um langt skeið átt með sér farsæla samvinnu um mikilvæga opinbera þjónustu og um önnur verkefni sem styrkt hafa samfélögin og svæðið sem heild.

Ef Snæfellsnes yrði eitt sveitarfélag myndi það án efa hafa mikla þungavigt hvað varðar hagsmuni og þjónustu. Auðveldara væri fyrir svæðið að grípa og nýta tækifærin sem felast í svæðinu og auðlindum þess.

Með þetta í huga, býður bæjarstjórn fulltrúum hinna sveitarfélaganna fjögurra á Snæfellsnesi til óformlegs samtals/viðræðna um stöðu og valkosti í sameiningarmálum, horft til framtíðar. Samtalið er á engan hátt skuldbindandi fyrir sveitarfélögin eða fulltrúa þeirra og getur farið fram hvar sem er á Snæfellsnesi.

Bæjarstjóra er falið að senda sveitarstjórnnum Eyja- og Miklaholtshrepps, Helgafellssveitar, Snæfellsbæjar og Stykkishólmsbæjar boð um samtal sem fram fari nú í haust.

Samþykkt samhljóða.

Í samræmi við þessa bókun sendi ég ykkur boð og ósk bæjarstjórnar um óformlegt samtal þar sem rætt væri um stöðu og valkosti í sameiningarmálum ef horft er til framtíðar. Eins og fram kemur í bókun bæjarstjórnar er samtalið á engan hátt skuldbindandi fyrir neinn þátttakenda. Við erum að sjálfsögðu tilbúin að taka á móti ykkur hér í Grundarfirði en okkar vegna má þetta líka fara fram hvar sem er á Snæfellsnesi.

Það er ósk bæjarstjórnar að þetta geti gerst í haust og væri gott að fá svar frá ykkur við þessu boði og þá jafnframt um hvenær væri heppilegasti tíminn fyrir ykkur.

Með kærri kveðju,

f.h. bæjarstjórnar Grundarfjarðarbæjar,

Björg Ágústsdóttir

Björg Ágústsdóttir



Bæjarstjórnin
Grundarfirði

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

Klettsbúð 4

360 Hellissandi

Efni: Óskað er eftir fjárheimild til kaupa á Trimble mælitæki

Snæfellsbær hefur undanfarin ár keypt þjónustu af Verkís í Borgarnesi til þess að mæla inn hnit fyrir sveitarfélagið. Þessi þjónusta er eðlilega kostnaðarsöm þar sem aðili þarf að koma frá Borgarnesi og framkvæma mælingar, vinna úr gögnum og senda til sveitafélagsins. Það má áætla að hver ferð með vinnu kosti um 100 þús kr. + vsk.

Fjölmörg verkefni eru framundan hjá Snæfellsbæ er snúa að lóðablöðum, útsetningu bygginga, gatnagerð ofl. sem krefjast mælinga. Undirritaður telur að með kaupum á Trimble GNSS tæki þá verði hægt að spara til lengri tíma litið þar sem að allar mælingar fyrir sveitarfélagið yrðu framvegis framkvæmdar af tæknideild Snæfellsbæjar.

Leitað hefur verið eftir tilboði hjá Ísmar í tæki sem hentar sveitarfélaginu vel og mælir bæði hnit og hæðir. Tækinu fylgir sérstakt loftnet sem tryggir nákvæmni tækisins. Tilboðið hljóðar uppá tæpar 3 milljónir kr. + vsk.

Snæfellsbæ 30.09.2021



Ragnar Már Ragnarsson

Forstöðumaður tæknideildar Snæfellsbæjar

Samgöngur fyrir almenning í Snæfellsbæ.


Góðan daginn, Mig er lengi búið að langa að skrifa til bæjarstjórnar vegna samgöngumála í Snæfellsbæ. Þegar Snæfellsbær var sameinaður 1994 þá breyttist mikið sem okkar börn á Hellissandi höfðu áður. Hér var íþróttahús (hægt að leigja á kvöldin og afmæli) hægt var að fara í sundlaug sem var á Hellissandi, hér var áður félagsmiðstöð líka.

Með breyttum áheyrslum og tíma hefur þetta verið sameinað og flutt að mestu leyti til Ólafsvík, sem er gott og blessað. Samgöngur eru í boði með rútum á milli Hellissands og Ólafsvíkur (í gegnum Rif), í tengslum við Grunnskólann. Það sem mig langar að koma á framfæri og óska eftir er að auknar verði rútuferðir hér í þéttbýliskjörnunum þremur. T.d. eru aðeins rútuferðir á kvöldin þegar félagsmiðstöðin er opin sem er aðeins yfir vetrartímann. Þennan vetur eru það aðeins 2 dagar. Aðra daga og enn í dag 08. Sept gengur rútan aðeins til 18. Engar rútuferðir eru í boði um helgar, og þegar íþróttastarf liggur niðri í mánuð á sumrin. Auk þessa yfir vetur eru börnin okkar oftast en ekki á fótboltaæfingum sem líkur ekki fyrr en eftir að síðasta rúta er farin. Það væri óskandi að þessum málum gæti verið breytt. VIÐ erum að tala um kannski ferð kl 10 eða 11 á morgnanna um helgar ,, og hina kannski um 17 eða 18. Börnin okkar langar að nýta fleiri hluti en félagsmiðstöðina, t.d sundlaugin og allskonar leikir(fótboltaleikir) og viðburðir (stundum námskeið) eru í boði um helgar og þurfum við foreldrar hér á Hellissandi alltaf að skutla, líka í afmæli,, sem er ekki lengur hægt að leigja sal í íþróttahúsi Hellissands. Auk þess er líkamsræktarstöð í Ólafsvík og á Rifi sem unglingana okkar eru að nýta. Börnin í Ólafsvík eru líka oft að leika við börnin okkar hér og okkar í Ólafsvík, og það myndi auðvelda okkur hér á Hellissandi allavega mikið að samgöngur væru betri. VIÐ erum stundum að tala um 3-4 ferðir á dag sem eru 54. Km (3 ferðir, báðar leiðir) eða 72 km (4 ferðir). Auk þessa væri kostur að hvetja fólk til að nýta ferðir hér á milli betur, auglýsa að þetta sé líka fyrir almenning en ekki aðeins börn seinnipart dags, það væri líka snilld að ein ferð væri á kvöldin virka daga. Kannski kl 21. Þar sem sundlaugin er opin til 21. Við erum ekkert að tala um ferðir á klst fresti heldur kannski 2 ferðir á dag um helgar og eina auka kvöldferð á virkum dögum,, sem er ekki í tengslum við félagsmiðstöðina. Ég vil líka nefna veitingastaði í bæjarfélaginu en börnin eru oft að fara saman að borða og það væri frábært að nýta rútur í það líka, ef þær væru í boði um helgar og kvöld. Í bækling sem gefinn var út vegna Velferðarstefnu Vesturlands 12.mars 2020 er talað um að Tómsundaakstur verði eflur og skal sett af stað átaksverkefni í að efla tómsundaakstur. Mín ósk er að þetta verði tekið til athugunar til að efla enn frekar samgöngur hér á milli Hellissands, Rifs og Ólafsvíkur.

Karen Olsen

Aksturstafla 2021-2022 - frjálsar ferðir									
kl.	Mánudagur	kl.	Þriðjudagur	kl.	Miðvikudagur	kl.	Fimmtudagur	kl.	Föstudagur
14:50	Frá Hellissandi	14:50	Frá Hellissandi	14:50	Frá Hellissandi	14:50	Frá Hellissandi	14:50	Frá Hellissandi
15:20	Frá Ólafsvík	15:20	Frá Ólafsvík	15:20	Frá Ólafsvík	15:20	Frá Ólafsvík	15:20	Frá Ólafsvík
15:45	Frá Hellissandi	15:45	Frá Hellissandi	15:45	Frá Hellissandi	15:45	Frá Hellissandi	15:45	Frá Hellissandi
16:20	Frá Ólafsvík	16:20	Frá Ólafsvík	16:20	Frá Ólafsvík	16:20	Frá Ólafsvík	16:20	Frá Ólafsvík
16:50	Frá Hellissandi	16:50	Frá Hellissandi	16:50	Frá Hellissandi	16:50	Frá Hellissandi	16:50	Frá Hellissandi
17:20	Frá Ólafsvík	17:20	Frá Ólafsvík	17:20	Frá Ólafsvík	17:20	Frá Ólafsvík	17:20	Frá Ólafsvík
17:50	Frá Hellissandi	17:50	Frá Hellissandi	17:50	Frá Hellissandi	17:50	Frá Hellissandi	17:50	Frá Hellissandi
18:20	Frá Ólafsvík	18:20	Frá Ólafsvík	18:20	Frá Ólafsvík	18:20	Frá Ólafsvík	18:20	Frá Ólafsvík
19:30	Frá Hellissandi					19:30	Frá Hellissandi		
19:45	Frá Ólafsvík					19:45	Frá Ólafsvík		
20:45	Frá Hellissandi					20:45	Frá Hellissandi		
21:00	Frá Ólafsvík					21:00	Frá Ólafsvík		

Bláar ferðir eru þegar félagsmiðstöðin Afdrep er opin



Góðan dag.

Fyrir nokkrum árum gaf Orkusalan öllum sveitafélögum landsins hleðslustöðvar í tengslum við verkefnið "Rafbraut um Ísland".

Verkefnið var hugsað sem vitundarvakning og heppnaðist mjög vel.

Stöðvarnar eru gæðastöðvar frá Schneider og anna 22 KW til þeirra bifreiða sem eru útbúnar til að hlaða með miklu afli.

Víðast hvar hafa stöðvarnar verið settar upp og reknar, þær hafa þjónað vegfarendum vel og hafa vakið mikla athygli.


Engu að síður er eitthvað um það að stöðvarnar hafi ekki verið settar upp, eða þá settar upp og teknar úr rekstri.

Ef þitt sveitarfélag óskar **ekki** eftir að reka umrædda stöð þá viljum við hjá Orkusölunni nálgast stöðina, við getum sótt stöðina til viðkomandi, eða fengið hana senda og greitt flutningskostnað. Ef stöðin hefur ekki verið sett upp en stendur til að gera það í náginni framtíð, væri gott að fá að vita af því.

Óuppsettar stöðvar eða stöðvar sem eru ekki í rekstri munu nýtast öðrum.

Að auki viljum við biðja um að límmiðar sem fylgja með bréfinu verði settar á stöðvar sem eru í rekstri, á þeim kemur fram að stöðvarnar séu í eigu og umsjá sveitafélaga.

Meðfylgjandi er mynd af sambærilegri stöð:



Ef það vakna upp spurningar ekki hika við að hafa samband við Hafliða , hafliði@orkusalan.is eða Friðrik , fridrik@orkusalan.is

Bestu kveðjur Orkusalan

Hleðslustöðin er í eigu og umsjá sveitarfélagsins



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Snæfellsbær
Klettsbúð 4
360 Hellissandur

Reykjavík 28. september 2021

2009362SA KB
Málalykill: 14.30

Efni: Staða jafnlaunavottunar hjá sveitarfélögum

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 24. september 2021 var lagt fram meðfylgjandi bréf Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur, skrifstofustjóra skrifstofu jafnréttismála í forsætisráðuneytinu, og Katrínar Bjargar Ríkarðsdóttur, framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu, dags. 13. september 2021, um stöðu jafnlaunavottunar hjá sveitarfélögum.

Eftirfarandi var bókað og samþykkt:

„Stjórn sambandsins skorar á öll sveitarfélög sem hafa skyldu til að afla sér jafnlaunavottunar og ekki hafa lokið verkefninu að ljúka því sem fyrst.“

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Afrit: Steinunn Valdís Óskarsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu jafnréttismála í forsætisráðuneytinu



Samband íslenskra sveitarfélaga
b.t. stjórnar
Borgartúni 30
Pósthólf 8100
128 Reykjavík

Akureyri, 13. september 2021
2003001 KBR

Efni: Staða jafnlaunavottunar hjá sveitarfélögum

Forsætisráðuneytið og Jafnréttisstofa sendu eftirtöldum sveitarfélögum bréf dags. 25. ágúst 2021 þar sem ítrekaðar voru skyldur þeirra til að öðlast jafnlaunavottun. Samkvæmt reglugerð um jafnlaunavottun, nr. 1030/2017, áttu sveitarfélög að hafa lokið vottun fyrir lok árs 2019. Um næstu áramót verða því liðin tvö ár frá því að lögbundinn frestur þeirra til að öðlast jafnlaunavottun rann út.

Þrátt fyrir ríflegan frest sem m.a. hefur verið veittur vegna þeirrar stöðu sem sveitarfélögin hafa verið í vegna Covid-19 hafa eftirtalin sveitarfélög enn ekki hlotið jafnlaunavottun:

Akureyrarbær
Blönduósbær
Bolungarvíkurkaupstaður
Grundarfjarðarbær
Húnaþing vestra
Kópavogsbær
Langanesbyggð
Rangárþing eystra
Rangárþing ytra
Reykholahreppur
Skaftárhreppur
Snæfellsbær
Strandabyggð
Stykkishólmsbær
Sveitarfélagið Skagaströnd
Þingeyjarsveit

Með bréfi þessu er stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga upplýst um stöðu málsins.

Virðingarfyllt,

Steinunn Valdís Óskarsdóttir
Skrifstofustjóri skrifstofu jafnréttismála
í forsætisráðuneytinu

Katrín Björg Ríkarðsdóttir
framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu

Framtíð minni sveitarfélaga á Íslandi

Fundur 6. október 2021 á Hilton Nordica, sal H, kl. 14:00

Boðað er til fundar um framtíð minni sveitarfélaga, samstarf þeirra og hagsmunagæslu.

Dagskrá:

1. **Áhrif stærðar sveitarfélaga á framlög Jöfnunarsjóðs**, Gústav. A. Gústavsson sérfr. Jöfnunarsj.
2. **Fyrirspurnir.**
3. **Styrkur samstöðunnar – formlegt samstarf eða óformlegt**, Pröstur Friðfinnsson sveitarstj. opnar umræðuna.
4. **Almennar umræður.**
5. **Ákvörðun tekin um framhaldið.**

Á fundinum verður rætt hvort og hvernig samstarfi minni sveitarfélaga verði fram haldið og hver þörf sé fyrir slíkt samstarf. Til álita kemur hvort stofna eigi formleg samtök sem vinni að hagsmunagæslu fyrir minni sveitarfélög, eða hvort ætti að halda áfram með óformlegt grasrótastarf.

Gústav A. Gústafsson sérfræðingur hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verður með stutt erindi, þar sem hann svarar hvernig stærð sveitarfélags hefur áhrif á framlög m.v. reglur sjóðsins.


Fundurinn er ætlaður fyrir fulltrúa minni sveitarfélaga, án þess að sett séu nein mörk á stærð þeirra. Þátttakendur eru beðnir að skrá sig með tölvupósti á sveitarstjori@grenivik.is þar sem upp er gefið; Nafn, staða og sveitarfélag, fyrir kl. 12:00 mánudaginn 4. október. Ef til atkvæðagreiðslu kemur, hefur hvert sveitarfélag sem mætir eitt atkvæði á fundinum, vinsamlegast gefið upp við skráningu hvaða fulltrúi fer með atkvæðisréttinn.

Með skráningu á fundinn er gefið samþykki fyrir því að kostnaði við hann verði jafnað á milli þeirra sveitarfélaga sem sækja fundinn, áætlað að gæti orðið kr. 3.000 til 5.000 á sveitarfélag, eftir mætingu.

Verið velkomin á fróðlegan, líflegan og vonandi gagnlegan fund.

29. september 2021,

Samstarfshópur minni sveitarfélaga



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til viðkomandi sveitarfélaga
og landshlutasamtaka

Reykjavík 30. september 2021

2109031SA TP
Málalykill: 02.20

Efni: Húsnæðissjálfseignarstofnun á landsbyggðinni

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var þann 24. september sl., var fjallað um verkefni sem snúa að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni.

Kynnt var hugmynd sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur mótað og felur í sér að setja á fót húsnæðissjálfseignarstofnun (hses.) er starfi á landsbyggðinni. Markmið þessa nýja aðila verði að stuðla að uppbyggingu almennra íbúða þar sem þess er þörf utan höfuðborgarsvæðis og vaxtarsvæða, í þágu tekjulágra hópa á vinnumarkaði og þeirra hópa sem sveitarfélög bera sérstakar lagaskyldur gagnvart, m.a. fötluðu fólki.

Hugmynd HMS (sbr. meðf. minnisblöð og gögn) er hér með send til sveitarfélaga á landsbyggðinni og landshlutasamtaka þeirra.

Í samræmi við bókun stjórnar sambandsins er óskað eftir því að sveitarstjórnir á landsbyggðinni taki afstöðu til hugmyndarinnar og upplýsi sambandið um hana fyrir lok október.

Sérstök áhersla er lögð á að framkomin hugmynd **snýr að uppbyggingu íbúða skv. lögum nr. 52/2016, í þágu tiltekinna hópa**. Aðrar lausnir hafa einnig verið mótaðar sem snúa frekar að þróun almenns leigumarkaðar á landsbyggðinni m.a. með aðkomu Bríetar sem er leigufélag á vegum HMS. Með erindi þessu er ekki verið að óska eftir að sveitarstjórnir taki afstöðu til slíkra lausna.

Ef frekari upplýsinga er þörf vegna málsins veita sérfræðingar sambandsins þær fúslega, m.a. Tryggvi Þórhallsson lögfr. (tryggvi@samband.is). Viðbrögðum vegna erindisins verði einnig beint til hans.

Á fundinum fól stjórn sambandsins jafnframt framkvæmdastjóra að vinna fyrir hönd sveitarfélaga að því að stofna slíka húsnæðissjálfseignarstofnun formlega, í góðu samstarfi við viðkomandi sveitarfélög og HMS, enda reynist víðtækur vilji til staðar meðal sveitarfélaga til að taka þátt í verkefninu.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Meðf.: Minnisblað HMS, dags. 17. september 2021, um samstarf um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni ásamt fleiri gögnum

Til: Samband íslenskra sveitarfélaga

Frá: HMS

Húsnæðissjálfsseignarstofnun á landsbyggðinni.

Með minnisblaði þessu vill HMS óska eftir samtali við sveitarfélögin um hugmynd að nýrri húsnæðissjálfsseignarstofnun sem starfi á landsbyggðinni með það að markmiði að stuðla að uppbyggingu almennra íbúða þar sem þess er þörf utan höfuðborgarsvæðis og vaxtarsvæða. Stofnunin verði samstarfsverkefni sveitarfélaga sem geti þannig náð stærðarhagkvæmni með því að sameinast um uppbyggingu og rekstur íbúðanna.

Tilfni tillögu þessarar er að nokkur sveitarfélög á landsbyggðinni hafa nálgast Leigufélagið Bríeti ehf. (hér eftir nefnt Bríet) með þær hugmyndir að félagið taki yfir rekstur almennra íbúða í eigu húsnæðissjálfsseignarstofnanna (hses.) sem settar hafa verið á laggirnar af sveitarfélögunum.

Bríet í lögum um almennar íbúðir nr. 52/2016 og reglugerð nr. 183/2020, með síðari breytingum, er fjallað um húsnæðissjálfsseignarstofnanir og almennar íbúðir. Þar kemur m.a. fram hverjir geti sótt um stofnframlög og þar með verið eigendur almennra íbúða. Þar kemur fram að aðeins megi úthluta stofnframlagi til húsnæðissjálfsseignarstofnana, sveitarfélaga og félaga í þeirra eigu eða félaga sem uppfylltu skilyrði til að hljóta lán skv. þágildandi 37. gr. laga um húsnæðismál, eins og hún var við gildistöku laga um almennar íbúðir. Ljóst er að Bríet uppfyllir ekki þessi skilyrði og getur því ekki verið stofnframlagshafi eða eigandi almennra íbúða, nema að undangenginni undanþágu ráðherra. Þrátt fyrir að mögulegt væri að óska eftir slíkri undanþágu er það mat HMS að það sé ekki æskilegt að félag sem er í beinni eigu HMS myndi jafnframt að sækja um stofnframlag þar sem það er HMS sem sér um úthlutun fyrir hönd ríkisins.

Ein af niðurstöðum tilraunaverkefnisins Tryggð Byggð var að auka þyrfti hvata hjá minni sveitarfélögum til þess að nýta sér stofnframlög til byggingar íbúða á svæðum þar sem húsnæðisuppbygging hefur verið lítil undanfarin ár. Leiddi það m.a. til þess að gerðar voru breytingar á lögum um almennar íbúðir á þann veg að í stað þess að viðbótarframlag vegna markaðsaðstæðna væri föst prósentutala er nú heimilt að veita sérstakt byggðaframlag vegna íbúða á svæðum þar sem skortur er á leiguhúsnæði og húsnæðisuppbygging verið í lágmarki vegna misvægis í byggingarkostnaði og markaðsvirði fasteigna. Getur framlagið þannig verið mismunandi milli svæða með tilliti til aðstæðna á hverjum stað.

Sveitarfélög utan höfuðborgarsvæðisins og húsnæðissjálfsseignarstofnanir (hses.) á þeirra vegum hafa fengið úthlutað stofnframlögum vegna 146 íbúða og eru 73 þeirra komnar í notkun. Átta hses. á vegum sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins eru starfandi í dag sem hafa fengið úthlutað stofnframlögum til alls 42 íbúða. Þrjú sveitarfélög eiga eftir að ganga frá stofnun hses. en hafa fengið úthlutað stofnframlögum vegna 22 íbúða f.h. hinna óstofnuðu félaga. Þá hafa þrjú byggðasamlög fengið úthlutað stofnframlögum til 16 íbúða alls.

Rekstur lítilla félaga getur reynst afar óhagkvæmur og í litlum sveitarfélögum þar sem ekki er þörf fyrir margar almennar íbúðir getur verið erfitt að ná fram hagkvæmni, bæði hvað varðar byggingu þeirra eða rekstur. Með auknu samstarfi á þessu sviði væri hægt að tryggja ákveðna stærðarhagkvæmni hvað varðar rekstur og utanumhald en einnig væri hægt að ná fram hagkvæmni í byggingu íbúða með því að fara í sameiginleg uppbyggingarverkefni í nokkrum sveitarfélögum í senn. Þannig mætti sjá fyrir sér að stofnunin sem tillagan snýr að gæti boðið út verkefni í nokkrum sveitarfélögum, jafnvel í einhverjum áföngum til nokkurra ára, byggt á



húsnæðisáætlunum sveitarfélaga og uppbyggingarþörf. Það væri einnig til þess fallið að stuðla að uppbyggingu á svæðum þar sem erfitt hefur reynst að fá verkataka.

Efni samþykktu og markmið hses.

Verði sett á laggirnar húsnæðissjálfsfseignarstofnun á grundvelli þessarar tillögu er lagt til að í samþykktum stofnunarinnar komi fram henni sé ætlað að starfa á landsbyggðinni og markmið hennar sé að stuðla að uppbyggingu almennra íbúða á landsbyggðinni utan höfuðborgarsvæðis og vaxtasvæða. Í upphafi verði lagt upp með að afmarka rekstur félagsins við almennar íbúðir sem falli ekki undir sérstök úrræði s.s. sértæk búsetuúrræði eða önnur úrræði sem krefjast sérstakrar aðkomu eða kostnaðarþátttöku viðkomandi sveitarfélags.


Skipan fulltrúaráðs

Í 7. gr. laga um almennar íbúðir er fjallað um skipan fulltrúaráðs húsnæðissjálfsfseignarstofnana, en það skal vera skipað a.m.k. tólf einstaklingum og skal minnst þriðjungur þeirra koma úr hópi leigjenda sé þess kostur. Fulltrúaráð kýs svo stjórn stofnunarinnar. Lagt er til að fulltrúaráðið verði þannig skipað fjórum fulltrúum leigjenda, tveimur fulltrúum Sambands íslenkra sveitarfélaga auk fulltrúa allra landshlutasambanda sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja. Þannig er stefnt að því að stofnunin geti starfað á landsvísu og gætt hagsmuna allra landshluta. Ástæða þess að höfuðborgarsvæðið og Suðurnesin eru undanskilin er að stofnunin er ekki hugsuð til að reka og eiga íbúðir á höfuðborgarsvæðinu eða vaxtarsvæði í kringum borgina. Þannig ættu stærri sveitarfélög sem teljast til vaxtarsvæða að halda utan um sínar íbúðir sjálf eða félögum á þeirra vegum og þarf að hafa það í huga við skipun fulltrúa landshlutasamtaka í fulltrúaráð stofnunarinnar.

Rekstur og úthlutun

Skoðað verði með stjórn Bríetar hvort félagið gæti tekið að sér að annast rekstur og viðhald íbúðanna og annan rekstur stofnunarinnar á grundvelli þjónustusamnings en þau sveitarfélög sem íbúðirnar eru staðsettar í geti séð um úthlutun þeirra í samræmi við heimild í 2. mgr. 19. gr. laga um almennar íbúðir. Þá er gert ráð fyrir að sveitafélög sem nú þegar eiga almennar íbúðir eða reka lítil hses. geti lagt þær íbúðir inn í hina nýju stofnun til þess að tryggja rekstrargrundvöll hennar. HMS er tilbúið að aðstoða og leiðbeina sveitarfélögum varðandi yfirfærsluna.

17/9/2021/RK/AGI



Minnisblað

Móttakandi: Framkvæmdastjóri

Dags.: 22. september 2021

Sendandi: Lögfræði- og velferðarsvið

Málsnr.: 2109031SA

Málalykill: 02.20

Efni: Samstarf um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni

Það sem af er gildistíma stefnumörkunar sambandsins 2018-2022 hefur verið unnið að verkefnum sem snúa að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) hefur verið falin ábyrgð á að leiða flest þessara verkefna. Staða þeirra er rakin í yfirgripsmikilli skýrslu sem hagdeild stofnunarinnar gaf út í mars 2021 undir heitinu: Próun húsnæðismarkaðar á landsbyggðinni - Áskoranir og lausnir¹.

Meðal áskorana sem eru til staðar:

- Stöðnun á húsnæðismarkaði
- Skortur á hentugu leiguhúsnæði á viðráðanlegu verði fyrir fólk á vinnumarkaði
- Aldur húsnæðisstofnsins og hratt vaxandi viðhaldsþörf
- Rekstrargrundvöllur leiguíbúða einkum m.t.t. leiguverðs á viðkomandi svæði
- Markaðsbrestur (misgengi á milli byggingarkostnaðar og söluverðs/leiguverðs)
- Ólík staða gagnvart fjármögnun framkvæmda við nýbyggingar og viðhald

Þessar áskoranir snerta sveitarfélögin með ýmsum hætti. Sama gildir um þær lausnir sem eru í boði m.a. í gegnum verkefnið Tryggð byggð².

Gott samstarf er milli HMS og sambandsins varðandi þessi atriði enda mikilvægt að auðvelda sveitarfélögum að veða áskoranir eftir staðbundnum aðstæðum og leggja mat á lausnir. Í því skyni hafa sambandið og HMS staðið fyrir tveimur fundum á þessu ári:

1. Uppbygging leiguíbúða á samfélagslegum grunni með áherslu á landsbyggðina

Þessi fundur var haldinn 24. febrúar 2021 og var markmið hans einkum að ræða hlutverk sveitarfélaga varðandi próun almenns leigumarkaðar á landsbyggðinni og uppbyggingu leiguíbúða fyrir alla hópa óháð tekjum og eignastöðu.

Á fundinum var farið yfir hvernig þróa mætti lausnir með aðkomu Bríetar, sem er sjálfstætt starfandi leigufélag í eigu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS), stofnað að norrænni fyrirmynd og rekið án hagnaðarsjónamiða.

Soffía Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri Bríetar hafði framsögu á fundinum en í framhaldi af henni fóru fram umræður og svör voru veitt við spurningum.

¹ Sjá hér: <https://hms.is/media/9047/husnaedisstudningur-hins-opinbera-a-landsbyggd.pdf>. Umsjón með útgáfunni höfðu hagfræðingarnir Ólafur Sindri Helgason, Kári S. Friðriksson og Karlotta Halldórsdóttir.

² Sjá hér: <https://tryggdbyggd.is/>.

Fundurinn var vel sóttur er og er upptaka af honum aðgengileg [hér](#).

2. Uppbygging leiguíbúða með stofnframlögum á landsbyggðinni

Þessi fundur var haldinn 10. september 2021 og var markmið hans einkum að fara yfir möguleika sveitarfélaga til þess að taka þátt í uppbyggingu leiguíbúða með stofnframlögum skv. lögum nr. 52/2016, um almennar íbúðir. Þessi uppbygging fer fram á vegum húsnæðissjálfsveigarstofnana (hses.) og á vegum sveitarfélaga er í þágu tekjulágra hópa á vinnumarkaði og þeirra hópa sem sveitarfélög bera sérstakar lagaskyldur gagnvart, m.a. fötluðu fólki.

Á fundinum kynnti Rún Knútsdóttir lögfræðingur hjá HMS hugmynd að nýrri húsnæðissjálfsveigarstofnun (hses. sbr. 11. kafla laga nr. 52/2016, um almennar íbúðir) Þessi húsnæðissjálfsveigarstofnun starfi á landsbyggðinni með það að markmiði að stuðla að uppbyggingu almennra íbúða þar sem þess er þörf utan höfuðborgarsvæðis og vaxtarsvæða. Þessi nýja hses. verði samstarfsverkefni sveitarfélaga sem þannig geti náð stærðarhagkvæmni með því að sameinast um uppbyggingu og rekstur íbúðanna.

Fundurinn var vel sóttur og er upptaka af honum aðgengileg [hér](#).

Varðandi þátttöku í fundunum var stílað upp á sveitarfélög á landsbyggðinni, einkum þau sem á sínum tíma áttu viðskipti við Varasjóð húsnæðismála, en lögbundið hlutverk sjóðsins snýr að því að aðstoða sveitarfélög við rekstur leiguhúsnæðis á þeirra vegum³. Framkvæmdastjórar landshlutasamtaka sveitarfélaga voru sérstaklega boðaðir til síðari fundarins, enda byggist hugmynd um nýja hses. m.a. á að sveitarfélög geti átt samstarf á vettvangi landshlutasamtaka.

Í framhaldi af síðari fundinum hefur HMS óskað eftir samtali við sveitarfélögin um þróa hugmyndina um nýja húsnæðissjálfsveigarstofnun á landsbyggðinni.

Hugmyndinni er lýst í meðf. minnisblaði HMS, dags. 17. september sl.

Tillaga:

Lagt er til að minnisblað HMS (ásamt skýrslu HMS og viljayfirlýsingu dags. 21. janúar 2020) verði sent til sveitarfélaganna með beiðni um að fjallað verði um ofangreinda hugmynd í sveitarstjórnnum á landsbyggðinni. Óskað verði eftir því að sveitarfélögin taki afstöðu til hugmyndarinnar og upplýsi HMS og sambandið um hana.

Miðað verði við að sveitarfélög taki afstöðu til hugmyndarinnar fyrir lok október og að þá verði hugað að því að setja húsnæðissjálfsveigarstofnun formlega á laggirnar, enda standi vilji sveitarfélaga til þess að tileinka sér þessa lausn.

TrP

³ Sjá X. kafla laga nr. 44/1998, um húsnæðismál m.s.b. Varasjóðurinn var settur á laggirnar á grundvelli samkomulags félags- og fjármálaráðherra og sambandsins sem undirritað var 4. apríl 2002. Félagsmálaráðuneyti, HMS og sambandið gengu frá viljayfirlýsingu dags. 21. janúar 2020, um að HMS myndi yfirtaka verkefni Varasjóðs húsnæðismála. Frumvarp til lagabreytinga skv. yfirlýsingunni hefur ekki verið lagt fram.


VILJAYFIRLÝSING

Félagsmálaráðuneytið, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) og Samband íslenskra sveitarfélaga eru sammála um að stefna að eftirfarandi framtíðarskipan á verkefnum sem varasjóður húsnæðismála (VH) hefur haft með höndum lögum samkvæmt:


1. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun yfirtekur eignir, réttindi og skyldur VH (þar með talið varasjóðs viðbótarlána og tryggingasjóðs vegna byggingargalla). Sjóðirnir færast úr eigu og ábyrgð sveitarfélaga frá og með gildistöku laga um þessa breytingu. Miðað er við að tilfærslan feli í sér fullnaðaruppgjör á fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga (sbr. samkomulag dags. 4. apríl 2002) þannig að hvorugur aðilinn eigi, að gerðum lagabreytingum, kröfu á hendur hinum vegna starfsemi sjóðanna.
2. Yfirtakan miðast við undirritun yfirlýsingar þessarar í samræmi við áhættumat og greiningu vegna útlánataps á viðbótarlánnum. Jafnframt er byggt á gögnum sem aflað hefur verið um stöðu félagslegra leiguíbúða í eigu sveitarfélaga (m.a. greining KPMG frá mars 2018) sem og ársreikningi VH fyrir árið 2018.
3. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun ákveður hvernig farið skuli með eignir og réttindi sem yfirtekin eru en mun jafnframt, eftir yfirtökuna, annast þau verkefni sem núgildandi lög gera ráð fyrir að VH sinni, sbr. 1.-6. tölul. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál m.s.b. Verkefni skv. 1. og 2. tl. takmarkast þó við það fjármagn sem færast yfir til HMS og stefnt er að því að verkefni verði m.a. unnin á vettvangi leigufélagsins Bríetar ehf., að fengnu samþykki stjórnar þess félags.
4. Á árinu 2020 verður lögð sérstök áhersla á ráðgjöf og leiðbeiningar til þeirra sveitarfélaga sem vilja breyta um rekstrarform félagslegs íbúðarhúsnæðis á vegum sveitarfélaga og hagræða í rekstri þeirra. Markmið þessa átaks verður að tryggja sjálfbæran rekstur íbúðarhúsnæðis á vegum sveitarfélaga. Verkefnisstjóri ráðinn af félagsmálaráðuneyti / Húsnæðis- og mannvirkjastofnun stýrir áttakinu.
5. Félagsmálaráðuneytið mun undirbúa frumvarp til laga um breytingar á X. kafla laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, m.s.b. til framkvæmdar á þessari viljayfirlýsingu. Jafnframt verður gerð tillaga um breytingu á 37. gr. laganna (ráðstöfun leiguhúsnæðis með áhvílandi láni sem veitt var skv. 36. gr. laganna). Ákvæði til bráðabirgða VIII í lögnum fellur brott.
6. Frumvarpsdrög verða kynnt í samráðsgátt stjórnvalda. Aðilar þessar yfirlýsingar munu í sameiningu fara yfir umsagnir sem berast, m.a. frá sveitarfélögum, og taka afstöðu til tillagna um breytingar. Þessi yfirferð kemur í stað umfjöllunar ráðgjafarnefndar VH, en skipunartími nefndarinnar er útrunninn og verður ekki endurnýjaður. Stefnt er að því að frumvarp verði lagt fram og hljóti afgreiðslu á vorþingi 2020.

Reykjavík, 21. janúar 2020



F.h. félagsmálaráðuneytis



F.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar



F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga
sbr. umfjöllun á 850. fundi stjórnar sambandsins



Viðtakandi:

Sveitar- og bæjarstjórnir á Vesturlandi

Borgarnes, 1. október 2021


Efni: Drög að Menningarstefnu Vesturlands 2021-2024

Ágæti viðtakandi

Á nýafstöðnu haustþingi Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi var ákveðið að vísa Menningarstefnu Vesturlands 2021-2024 til sveitarfélaganna á Vesturlandi til samþykktar. Með bréfi þessu er óskað eftir að stefnan sé tekin til afgreiðslu á næsta fundi sveitar- eða bæjarstjórn ykkar sveitarfélags og að viðbrögð verði send undirrituðum **eigi síðar en 1. nóvember 2021.**

Við endurskoðun menningarstefnunnar var skipað sérstakt fagráð og sendu nánast öll sveitarfélögin á Vesturlandi fulltrúa í ráðið. Að auki voru fjórir fagaðilar sem starfa í listum eða menningartengdri starfsemi. Starfsmenn menningarstefnunnar voru í nánú samstarfi við fagráð við gerð stefnunnar og að auki voru haldnir opnir fundir í streymi, þar sem kallað var eftir ábendingum frá almenning.

Niðurstaðan er vönduð menningarstefna sem lögð er fram með bréfi þessu til samþykktar sveitarfélaganna á Vesturlandi. Ef einhverjar spurningar vakna eða ef frekari kynningar sé óskað má hafa samband við undirritaðan.



Sigursteinn Sigurðsson

Menningar- og velferðarfulltrúi
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI



SÓKNARÁÆTLUN
VESTURLANDS

Lilja Ólafardóttir

From: Þórdís Sveinsdóttir <thordis@lanasjodur.is>
Sent: miðvikudagur, 15. september 2021 09:28
To: Kristinn Jónasson
Cc: Lilja Ólafardóttir
Subject: RE: Umsókn um lán allt að kr. 100.000.000,- vegna framkvæmda ársins 2020.

Sæll

Lánsferindi ykkar er mótttekið. Ég mun útbúa lánsúmsókn fyrir ykkur.

Kveðja
Þórdís

Þórdís Sveinsdóttir, Lánastjóri Lánasjóður sveitarfélaga (e. Municipality Credit Iceland)
Direct (+354) 515 4946, Mobile (+354) 843 0710, e-mail: thordis@lanasjodur.is

From: Kristinn Jónasson <kristinn@snb.is>
Sent: þriðjudagur, 14. september 2021 18:05
To: Þórdís Sveinsdóttir <thordis@lanasjodur.is>
Cc: Lilja Ólafardóttir <lilja@snb.is>
Subject: Umsókn um lán allt að kr. 100.000.000,- vegna framkvæmda ársins 2020.

Sæl Þórdís

Undirritaður sækir um lán f.h. Snæfellsbæjar kt. 510694-2449 hjá Lánasjóðnum að upphæð allt að kr. 100.000.000,- úr LSS150434, vegna framkvæmda ársins 2020.

Kveðja / Regards

Kristinn Jónasson
Bæjarstjóri Snæfellsbæ
E-mail: kristinn@snb.is
Farsími: 894-7575

Snæfellsbær
Klettsbúð 4, Hellissandi
360 Snæfellsbær

<http://www.snb.is/>

Sími: +354-433-6900
Fax: +354-433-6901

